

## Ályktanir framhaldsaðalfundar BHM 2020

Á framhaldsaðalfundi Bandalags háskólamanna, sem haldinn var 9. september 2020, voru samþykktar eftirfarandi fjórar ályktanir:

### **Atvinnuleysi aldrei meira hjá háskólafólki**

Framhaldsaðalfundur BHM lýsir þungum áhyggjum af stöðu háskólamenntaðra á vinnumarkaði. Á fimmta þúsund þeirra eru nú án vinnu og hefur atvinnuleysi í hópi háskólamenntaðra aldrei verið meira í sögunni. Tekjufall þeirra sem missa vinnuna er skyndilegt og mikið og ómögulegt fyrir marga að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Þannig hefur stöðunum verið kippt undan rekstri margra heimila.

Stjórnvöld verða að bregðast við þessu ástandi án tafar. BHM fagnar því að tími tekjutengdra atvinnuleysisbóta hafi verið lengdur úr þremur í sex mánuði en skorar jafnframt á ríkisstjórn og Alþingi að hækka fjárhæðir atvinnuleysistrygginga og tekjupak greiðslna.

### **Langþráð lækkun endurgreiðslubyrði námslána**

BHM fagnar því sérstaklega að baráttumál bandalagsins til margra ára er varða námslánakerfið séu í höfn. Endurgreiðslubyrði námslána hefur verið létt, uppgreiðsluafsláttur rýmkaður og ábyrgðarmannakerfið afnumið. Þessar aðgerðir munu bæta lífskjör tugþúsunda háskólamenntaðra á vinnumarkaði.

### **Varhugaverð þróun á vinnumarkaði**

Framhaldsaðalfundur BHM lýsir furðu sinni á framgöngu flugfélagsins Icelandair í kjaraviðræðum við Flugfreyjufélag Íslands síðastliðið sumar. Þar var gerð tilraun til að brjóta á bak aftur lögmætt stéttarfélag með aðferðum sem ekki eiga heima á íslenskum vinnumarkaði. BHM fordæmir tilraunir til að grafa undan lögum og reglum er varða skipulag vinnumarkaðar hér á landi. Virða ber réttindi launafólks í samræmi við lög og kjarasamninga.

### **Styrkja þarf opinbera þjónustu til framtíðar**

Kórónuveirufaraldurinn hefur varpað skýru ljósi á mikilvægi sterkrar opinberrar þjónustu. Sérstaklega þarf að horfa til heilbrigðis-, félags- og menntamála. Tryggja

þarf langtímafjármögnun helstu grunnstoða samfélagsins. Mikilvægt er að bæta kjör starfsfólks og starfsumhverfi, svo að þessi mikilvægu störf verði eftirsótt og nauðsynleg nýliðun eigi sér stað.